

## REGLUGERÐ

### um takmarkanir á þorskveiðum 1979.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Ákvæði I. kafla taka til skuttogara með aflvél 900 bremsuhestöfl og stærri og togskipa, sem eru 39 metrar og lengri. Miðað er við mestu lengd samkvæmt mælingum Siglingamálastofnunar ríkisins.

##### 2. gr.

Á tímabilinu 9. apríl til 20. apríl 1979, að háðum dögum meðtöldum, eru skipum (sbr. 1. gr.) bannaðar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi í 7 daga samfellt.

##### 3. gr.

Auk þeirrar takmörkunar á þorskveiðum, sem segir í 2. gr., mega skip (sbr. 1. gr.) ekki stunda þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi í 70 daga samtals á tímabilinu 1. maí til 30. september 1979 og þar af skal hvert skip láta af þorskveiðum í a. m. k. 30 daga á tímabilinu 1. júlí til 31. ágúst 1979.

Útgerðaraðilar geta ráðið tilhögun þessarar veiðitakmörkunar, þó skal hvert skip láta af þorskveiðum ekki skemur en 9 daga í senn.

##### 4. gr.

Útgerðaraðilar skulu tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu eigi síðar en 5. apríl 1979 hvenær skip þeirra láta af þorskveiðum samkvæmt 2. gr.

Tilhögun veiðitakmörkunar samkvæmt 3. gr. skal tilkynnt sjávarútvegsráðuneytinu með a. m. k. 7 daga fyrirvara hverju sinni.

Verði áætlanir um tilhögun veiðitakmörkunar ekki látnar í té, getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið, hvenær viðkomandi skip skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytisins, ef þeir vilja breyta þeim.

##### 5. gr.

Við ákvörðun á því, hversu lengi skip láta af þorskveiðum hverju sinni gilda eftirfarandi reglur:

1. Sé skip að byrja tímabil, sem það lætur af þorskveiðum á, miðast upphaf tímabilsins frá þeim tíma er skip kemur í höfn til löndunar.
2. Sé skip að ljúka tímabili, sem það lætur af þorskveiðum á, miðast lok tímabilsins við þann tíma, er skipið heldur á ný til veiða án takmörkunar á þorski.
3. Sigli skip með afla til löndunar erlendis, telst sá tími, sem fer í siglingar, ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

#### II. KAFLI

##### 6. gr.

Á eftirgreindum tímum eru skipum öðrum en þeim, sem upp eru talin í 1. gr., bannaðar allar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi:

1. Á tímabilinu frá kl. 12.00 á hádegi 10. apríl til kl. 12.00 á hádegi 17. apríl 1979.

2. Á tímabilinu 31. júlí til 6. ágúst 1979, að báðum dögum meðtöldum.

Á því tímabili, sem greint er í lið 1. í þessari grein, er bannað að hafa nokkur þorskfisknet í sjó, enda þótt tilgangurinn sé að veiða aðrar fisktegundir en þorsk.

7. gr.

Á tímabilinu frá og með 16. júlí til og með 15. ágúst 1979, eru allar þorskveiðar í þorskfisknet bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

### III. KAFLI

8. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 2.—4. gr. og 6.—7. gr. má hlutdeild þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar fram úr 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

9. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 2.—4. gr. og 6.—7. gr. og hlutfall þorsks í afla reynist hærra en 15%, skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 8. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru þá bannaðar samkvæmt 2.—4. gr. og 6.—7. gr. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabilsins samkvæmt 2.—4. gr. og 6.—7. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

10. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar ef nauðsyn krefur.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 26. mars 1979.*

**Kjartan Jóhannsson.**

*Jón L. Arnalds.*